



Þú ert hér: Forsíða / Fréttir / Synir Úranusar 10081

 Leita

Nýjustu fréttir

Frétt

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás 10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Synir Úranusar 10081

25/03/2019

Eitthvað hefur borið á því að menn hafi áhyggjur af því að synir Úranusar 10081, sem nú eru í dreifingu, erfi frá sér gleitt setta framspena. Það er rétt að Úranus sjálfur er með 77 í kynbótamat fyrir spenastöðu og erfir þar að hluta þennan galla frá föður sínum, Sírusi 02032 sem stendur í dag með 61 fyrir þennan eiginleika. Þetta segir okkur hins vegar að Úranus er föðurbetringur hvað þetta snertir enda er þessi galli ekki það áberandi hjá dætrum hans að alvarlegur geti talist. Af 90 dæmdum dætrum Úranusar fengu 51 (57%) einkunnina 5 fyrir stöðu framspena, 27 (30%) fengu 4, 9 (10%) fengu 3 og 3 (3%) fengu 6.



Við val á sonum Úranusar var sérstaklega horft til stöðu framspena og eru mæður þeirra nauta sem komin eru til drefingar allar nema ein með 5 í einkunn fyrir stöðu framspena. Þá eru 6 þeirra með kynbótamat yfir 100 fyrir stöðu framspena en tvær rétt fyrir neðan 100. Þessar tvær kír eru báðar með vel setta spena sjálfar.

Í þessu sambandi sem og öðru hvað val kynbótanauta snertir verða menn að treysta því að val þeirra sé unnið á faglegan hátt. Það er alveg ljóst að það er ekki markmið þeirra sem það vinna að stuðla að afturför heldur þvert á móti er markmiðið að yta undir framfarir. Það er því alveg fráleitt að ætla að val á sonum Úranusar hafi verið unnið á þann hátt að verið væri að reyna að fá fram gleitt setta framspena. Við skulum ekki gleyma því að Úranus erfir frá sér mikla kosti enda með 111 í heildareinkunn, 119 fyrir afurðir, 127 fyrir mjaltir, 124 fyrir skap og 131 í gæðaröð. Það segir okkur að dætur hans þykja afbragðskír í fjósi og engin ástæða til að ætla annað en að synir hans muni bera þessa miklu kosti áfram til næstu kynslóðar.

/gj

PDF af þessari síðu



Líkar þetta 197 kunna að meta þetta. Nyskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.



Búsnúmer Nautastöðvarinnar á Hesti er **2118411**



Nautastöðin, Huppa.is



Nautaskráin



Fréttir



Fyrir síma og spjaldtölvur

© Gögnin á nautaskra.net eru frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, www.rml.is, og Bændasamtökum Íslands, www.bondi.is
Persónuvernd